Fimleikasamband Íslands

**Vinsamlega svarið þessum spurningum í skýrslunni:**

1. Landsliðsþjálfari/þjálfarar sem skrifa skýrslu og hlutverk þeirra: Þórdís Þöll Þráinsdóttir, stökkþjálfari unglinga í hópfimleikum.
2. Með hverjum landsliðsþjálfari starfar: Yrsu Ívarsdóttur og Andreu Sif Pétursdóttir.
3. Stutt lýsing á starfi landsliðsþjálfara, hans hlutverk o.frv.: Samvinna með landsliðsþjálfurum fullorðinna og unglinga að mótum á áherslum fyrir komandi landsliðshópa. Uppsetning á afreksæfingu unglinga, lágmörk inn á æfinguna og þjálfun og utanumhald með henni.
4. Val í úrvalshópa: á ekki við, en ákveðin lágmörk fyrir afreksæfingar.
5. Val í landslið: á ekki við á þessu tímabili.
6. Landsliðsæfingar: ein æfing.
7. Þrekpróf (ef þau voru): nei.
8. Æfingabúðir (ef þær voru): nei.
9. Gestakennarar: nei.
10. Helstu verkefni á árinu: utanum hald og vinna að mótun á afreksstarfi í samvinnu við landsliðsþjálfara fullorðinna. Setja upp markmiða lykla fyrir unglingalandslið. Ein stór afreksæfing fyrir unglinga. Samráðsfundir með FSÍ um framhaldið.
11. Annað sem þarf að koma fram: Góð samvinna með góðu fólki.
12. Þegar skýrslan hefur verið fullgerð biðjum við landsliðsþjálfara um að taka saman um 150 orða úrdrátt úr skýrslunni sem birtur verður í skýrslu stjórnar.

Útdráttur: Á árinu 2025 vann teymið að þróun að markmiða lykla til hliðsjónar fyrir þjálfara og iðkendur í unglingaflokkum í samstarfi við þjálfarateymi fullorðinna. Meginahersla starfsins var samvinna við landsliðsþjálfara fullorðinna og unglinga að mótun áherslna fyrir komandi landsliðshópa og uppbyggingu afreksstarfs unglinga. Þegar þeirri vinnu lauk gaf FSÍ út markmiðin og sendi út á öll félög. Vinnan gekk vel fyrir sig og útkoman góð. Unglingateymið sem saman stóð af Þórdísi, Andreu Sif og Yrsu skipulagði eina afreksæfingu á tímabilinu. Sett voru skýr lágmörk fyrir þátttöku á æfingunni og var skráning góð og æfingin vel heppnuð. Ekkert val í úrvalshópa eða landslið fór fram á tímabilinu.
Einnig fór fram markviss vinna við mótun markmiða fyrir unglingalandslið og samvinna við FSÍ um skipulag fyrir áframhaldandi vinnu fram að Evrópumóti. Samstarfið gekk vel og einkenndist af samvinnu og góðum anda.